

Bíldudalur

Bíldudalur er lítið fallett sjávarþorp á Vestfjörðum þar sem búa um það bil 170 manns. Þegar mest var var íbúafjöldinn 420 manns og var það árið 1992. Byggðin er í landnámi Ketils ilbreiðs og er forn verslunarstaður og á sér langa og merka sögu.

Bíldudalur stendur undir Bíldudalsfjalli sem er tæplega 500 metra hátt og er vestan við Bíldudalsvog og sunnanvert við Arnarfjörð. Sunnan vert við Bíldudal stendur Otradalsfjall sem er oft kallað Bylta af heimamönnum. Bíldudalur er því í góðu skjóli fyrir veðri og vindum og oft mikil sumarblíða. Á Bíldudal er ein kirkja, Bíldudalskirkja sem var byggð 1906, en áður en hún var byggð fóru Bílddælingar í messu í Otradalskirkju. Bíldudalur tilheyrði áður Bíldudalshreppi. Hann var stofnaður 1. júlí árið 1987 í sameiningu við Ketildalahrepp og Suðurfjarðahrepp, en 11. Júní 1994 sameinaðist Bíldudalshreppur Barðastrandarhreppi, Rauðasandshreppi og Patrekshreppi undir nafninu Vesturbyggð. Í Bíldudalsfjalli eru nokkur gil og 2 stærstu eru Búðargil og Gilsbakkagil sem eru um 400-500 metra breið. Milli Búðargils og Gilsbakkagils eru þrjú minni gil sem saman bera nafnið Milligil. Í Gilsbakkagili er hætta á votum snjóflóðum og krapa- og aurflóðum en í Búðargili er hætta á krapa-, aur- og vatnsflóðum og votum snjóflóðum stórum sem litlum. Í Bíldudal er eitt flugfélag, Flugfélagið Ernir. Flugfélagið flýgur til 5 staða innanlans, Vestmannaeyja, Hafnar í Hornafirði, Húsavíkur, Gjögurs og Bíldudals. Að auki er flugfélagið líka með leiguflug innanlands, útsýnisflug og skipulagðar ævintýraferðir.

Bíldudalur býður uppá margt sem hægt er að gera. Hægt er að fara í hvalaskoðun og sjóstangaveiði við Arnarfjörð og síðan er golfvöllur á svæðinu . Það eru tvö söfn í þorpinu, Skrímslasetrið þar sem sagt er frá gömlum skrímslasögum sem hafa lifað með þjóðinni í gegnum aldirnar og Melódíur minninganna - Jón Kr. Ólafsson, sem er safn um söngvarann Jón Kr. Ólafsson sem helgaði líf sitt sögu íslenskrar dægurtónlistar.

Þótt Bíldudalur sé lítill staður væri samt mjög gaman að fara þangað og skoða þar sem dalurinn er mjög fallegur og mikið til að skoða og gera.

Heimildir: <http://www.westfjords.is/is/westfjords/search?q=b%C3%ADldudalur>

<http://www.vedur.is/ofanflod/vidbunadur/bildudalur/#top>

<https://is.wikipedia.org/wiki/B%C3%ADdudalur>

Ásdís Jana 10.RK